

Fundargerð 336. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 336. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn í Hellisheiðarvirkjun 20. ágúst 2024.

- Fyrirmyndarfyrirtæki – afhending 23.ágúst – dagskráin er klár.
- Kick off fundur í Akademías 29.ágúst kl.16:30.
 - Dagskrá – yfirfarin.
- Fjárhagsstaða félagsins
- Skerpa á hlutverki og stefnu Stjórnvísí eins og hollt er að gera með reglubundnum hætti og tryggja að talandinn inngildi alla þá hópa samfélagsins sem félagið á erindi við; sú vinna verður leidd af Auði Daníelsdóttur.
- Yfirfara lög félagsins og siðareglur í takti við ofangreint. [Lög félagsins](#), [jafnréttisstefna](#) og [siðareglur](#).
- Haustráðstefna Stjórnvísí
 - Ákveða dagskrá – fundarstjóra
- Skoða tilboð og tillögur er varðar upphærslu á hönnun, letur, liti og kynningargardínur (banner-ups) Stjórnvísí.
- Ræða endurnýjað markaðsáttak þar sem faghóparnir verða í aðalhlutverki og sérstök áhersla á að ná til háskólasamfélagsins og ungs fólks í atvinnulífinu.
- Mælikvarðar á áhersluverkefni starfsársins.
- Önnur mál.

Dags.fundar: 20.ágúst 2024	Tími: 11:00-13:00	Nr. fundar: 336
Fundarboðari: SHH	Fundarritari: GA	Staður: Hellisheiðarvirkjun

Viðstaddir: Gunnhildur Arnardóttir, Haraldur Bjarnason, Laufey Guðmundsdóttir, Stefán Hrafn Hagalín, Auður Daníelsdóttir, Lilja Gunnarsdóttir, Anna Kristín Kristinsdóttir, Snorri Páll Sigurðsson, Matthías Ásgeirsson

Fjarverandi: Ingibjörg Loftsdóttir

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

- Fyrirmyndarfyrirtæki** Afhending viðurkenninga verður föstudaginn 23. ágúst kl.12:00-13:00 á Nauthól. Allt er klárt í Nauthól fyrir fundinn. Einungis tveimur er boðið frá hverju fyrirtæki og verður 18 fyrirtækjum afhent viðurkenning. Fundarstjóri verður Björn Brynjúlfur Björnsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, erindi flytur Eypór Ívar Jónsson stofnandi Akademías og upphafsmaður verkefnisins "Fyrirmyndarfyrirtæki", Jón Gunnar Borgþórsson verkefnastjóri verkefnisins fyrir Stjórnvísí kynni framkvæmd verkefnisins og tilurð og viðurkenningarnar afhendir Anna Hrefna Ingimundardóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Samtökum atvinnulífsins. Verkefnið er samstarfsverkefni Nasdaq á Íslandi, Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Stjórnvísí.

2. **Skerpa á hlutverki og stefnu Stjórnvísí** eins og hollt er að gera með reglubundnum hætti og tryggja að talandinn inngildi alla þá hópa samfélagsins sem félagið á erindi við; sú vinna var leidd af Auði Daníelsdóttur. Auður fór yfir hlutverk og gildi Stjórnvísí. Hún velti þessari spurningu upp til stjórnar: Í hverju ætlum við að vera best? Refurinn er góður í mjög mörgu en broddgölturinn er bestur í einhverju einu. Fræðslu, tengslaneti, þekkingu, fjölda meðlima? Félagið var stofnað 1986, í dag eru rúmlega 6000 félagar, 400 fyrirtæki og 25 faghópar. Stjórnvísí er eigandi Íslensku ánægjuvogarinnar, veitir viðurkenningar Stjórnunarverðlaun, Sjálfbærni og Fyrirmyndarfyrirtæki. Við erum annars vegar fagfélag og með öll þessi geggjúðu verðlaun. Talandinn er hófsamur, getum við bætt einhverju fleiru við? Hlutverkið er: „Við eflum gæði stjórnunar á Íslandi með því að skapa hvetjandi vettvang fyrir þekkingarmiðlun, framþróun, umræður og tengslamyndun. Gildin eru framsækni – fræðsla – fagmennska. Er hlutverkið rétt skilgreint, ættum við að hafa það víðara? Hvað með orðið „stjórnun“ ætti að leggja minni áherslu á það? Eigum við að finna ný orð fyrir sömu hlutina? „Hvað er það nýjasta í faginu“ – mikilvægt að fá álit félaganna á hver gildin eigi að vera, þeir völdu þau síðast. Gæti verið möguleiki að velta þessu upp ef tími gefst til á Kick off fundinum í Akademías.

3. **Kick off fundur** verður haldinn 29.ágúst í Akademías kl.16:30. Þema starfsársins er **Snjöll framtíð**. Búið er að ítreka við faghópa að senda dagskrána sína inn í Excelskjal sem er á vefnum. Nú þegar eru viðburðir komnir í skjalið og stjórnir farnar að hittast og undirbúa veturinn. Meginmarkmið þess fundar er að stilla saman strengi fyrir veturinn, hafa gaman saman, fara létt yfir mælaborð, NPS skor, síðareglur og fleira sem léttir stjórnendum lífið. Þantaðar verða skemmtilegar veitingar og við fáum alveg hreint frábæran fyrirlestur frá Eyþóri Ívari Jónssyni.

Dagskrá: 1. Formaður setur fundinn, kynnir stjórn, segir frá vinnufundi stjórnar, þema starfsársins og áhersluverkefnum, fer yfir hlutverk, framtíðarsýn og gildi Stjórnvísí og kynnir mælaborð félagsins. Einnig hvetur hann til þess að stjórnir nýti sér að fara saman út að borða í boði félagsins. Framkvæmdastjóri fer létt yfir dagskrá vetrararins og hlutverk stjórna faghópa, Anna Kristín varaformaður félagsins vísar í myndbönd sem sýna hvernig halda skal og bóka fundi ásamt því að hvetja stjórnir til að kynna sér LearnCove. Síðan eru allir hvattir til að ræða saman og þá gefst öllum tækifæri til að hitta aðra faghópa á speed-date. Boðið verður upp á skemmtilegar veitingar.

4. **Fjárhagstaða Stjórnvísí**. Áætlun má alltaf skoða inn á vefnum, hún er aðgengileg stjórn og uppfærð reglulega. Áætlun ársins 2024 gerði ráð fyrir tekjuaukningu úr 32,8 millj. í 36,2 millj. af félagsgjöldum. Tekjur eru nú komnar í 35,7 millj. Öll félagsgjöld eru innheimt fyrir árið. Búast má við einhverjum nýjum fyrirtækjum í haust og að áætlun standist nokkurn veginn. Kostnaðaráætlun er undir áætlun og má því gera ráð fyrir að í stað afgangis upp á 500 þúsund verði hann 3milljónir.

5. **Haustráðstefna Stjórnvísí** verður **25. september kl.09:00-11:00** á Grand Hótel í beinu streymi. Þema „**Snjöll framtíð**“.

Dagskrá:

09:00 **Laufey Guðmundsdóttir** sýningarstjóri Jarðhitasýningar ON og í stjórn Stjórnvísí setur ráðstefnuna.

09:05 Ráðstefnustjóri : **Bergur Ebbs Benediktsson**, rithöfundur, ljóðskáld, uppstandari, tónlistarmaður, leikari og lögfræðingur.

09:10 **Haraldur Bjarnason** forstjóri Auðkenni og í stjórn Stjórnvísí stýrir pallborði

Stefán Baxter, forstjóri Snjallgagna

Hjálmar Gíslason, stofnandi Grid

09:35 **Kolfinna Tómasdóttir**, sérfræðingur hjá Rannís og meðstofnandi og meðstjórnandi AiXist "Hlutverk gervigreindar í íslenskri nýsköpun"

09:50 Tengslamyndun og spjall

10:10 **Auður D. forstjóri Orkunnar**. Vegferð Orkunnar – Snjallari greiðslulausnir

10:25 **Róbert Bjarnason**

10:40 **Þorsteinn Sigurlaugsson**, notkun mállíkana (chat GPD) við stefnumótun og greiningu. Áherslur á getuna í tungumálinuEr að gefa út bók.. hvað gervigreindin hefur náð sterkum tókum á málum. Getur skrifað skýrslur o.fl.

10:55 Thelma Christel Kristjánsdóttir, lögmaður hjá BBA Fjeldco

Lögfræðileg álitamál kringum gervigreind

11:10 **Lilja Gunnarsdóttir**, markþjálfari og teymisþjálfari í stjórn Stjórnvísí gerir samantekt.

11:15 Ráðstefnuslit.

6. Lög félagsins, jafnréttisstefna og siðareglur yfirfarnar.

7. **Fréttir af faghópum.** Endurnýjun í formennsku hjá faghópum er nú fyrir starfsárið 2024-2025 20% var 57% 2023 og endurnýjun í stjórnnum faghópanna er 17% (var 30% 2023). Hlutfall karla í stjórnnum faghópanna er 42% var 39% 2023 og kvenna 58% var 61% 2023. Hlutfall karla sem formenn er 40% var 40% 2023 og 21% 2022 og kvenna 60% var 60%. Fjöldi í stjórn er frá 2 – 11 manns. Allir faghóparnir héldu í fyrra formlegan aðalfund nema faghópur um jafnlaunastjórnun og uppýsingaöryggi en sá faghópur heldur aðalfund nú í ágúst.

8. Önnur mál

Gríðarlega flottur og fjölmennur fundur var haldinn í sumar í samstarfi við SKÝ í Arion banka um miðjan júní.

9. Staða verkefna (áhversluverkefna og annarra verkefna).

1. Áhersluverkefni starfsársins verða þrjú: (sjá mælikvarða neðar í fundargerð).

Á fyrsta fundi í haust verða fundnir mælikvarðar á þessi þrjú áhersluverkeni.

2024-2025 (þrjú áhersluverkefni – í hverju felast þau)

- Uppfæra sniðmát og leiðbeiningar fyrir stjórnir faghópa (Anna K. Ingibjörg, Auður)
- Innleiðing á LearnCove hjá faghópum (Snorri Páll, Lilja, Matthías)
- Ásýnd, efling og vöxtur (Stefán, Haraldur, Laufey)

2024-2025 – mælikvarðar (tillaga)

oo= rauntíma mælaborð á síðu Stjórnvísí www.stjornvisi.is

ooo= [mælt árlega í viðhorfskönnun til félagsmanna](#)

2024-2025

- Uppfæra sniðmát og leiðbeiningar fyrir stjórnir faghópa (Anna K. Ingibjörg, Auður)
 - Aukning á virkni faghópa oo
 - Viðburðir séu sýnilegir og auglýstir tímanlega ooo
 - Ábendingar eigi sér skýran farveg ooo
 - Stjórn sé í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna ooo

- Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim. ooo

- **Innleiðing á LearnCove** hjá faghópum (Snorri Páll, Lilja, Matthías)
 - Talning á fjölda félaga sem nýta LearnCove (verði sett inn í mælaborð)
 - Fjöldi funda sem er settur inn á LearnCove (verði sett inn í mælaborð)
 - Áhorf á fundi inn á LearnCove (verði sett inn í mælaborð)

- **Ásýnd, efling og vöxtur** (Stefán, Haraldur, Laufey)
 - i. Fjölgun fyrirtækja oo
 - 1. Fjölgun fyrirtækja með 200 eða fleiri starfsmenn oo
 - 2. Fjölgun fyrirtækja með 100-199 starfsmenn oo
 - ii. Fjölgun á heildarfjölda notenda (innri markaðssetning fyrirtækja) oo
 - iii. Fjölgun virkra félaga oo
 - iv. Fjölgun nýrra virkra félaga oo
 - v. Fjölgun viðburða oo
 - vi. Fjölgun félaga á fundum oo
 - vii. Aukning á nýskráningum í mánuðinum oo
 - viii.** Aukning á félagafjölda í faghópum oo
 - ix. Aukning á virkum fyrirtækjum oo
 - x. Fjölgun nýrra háskólanema oo
 - xi. Fagmennska sé ávallt höfð að leiðarljósi í öllum störfum ooo
 - xii. Stjórnin efli og viðhaldi trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfi skv. stefnu félagsins ooo
 - xiii. Stjórnvísi sé áhugaverður og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu ooo

xiv. Stjórnvísir þróast í takt við við sýnbreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna og atvinnulífsins ooo

xv. Framsæknir og hæfir einstaklingar starfi af heilindum fyrir félagið ooo

xvi. Framkvæmdastjóri félagsins hafi leiðtogahæfileika, sé styðjandi og virkur ooo

xvii. Dagskrá Stjórnvísir verði aðgengileg fyrir alla landsbyggðina

xviii. Fjölgun fyrirtækja á landsbyggðinni

xix. Fjölgun kynninga og fyrirlesara af landsbyggðinni

xx. Fjölgun erlendra fyrirlesara

xxi. Hækkun á NPS skori oo

xxii. Félagar/stjórnendur faghópa upplifi sig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni ooo

xxiii. Félagar öðlist aukið tengslanet með þátttöku í félaginu oo